

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 10. júní 1991

um breytingu á viðaukum við tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fódri

(91/336/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,
með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23.
nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, eins og henni
var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar
91/249/EBE ⁽²⁾, einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um reglubundnar breyt-
ingar á viðaukum hennar vegna framfara í vísindum og
tækni.

Rotvarnarefnið „própan-1,2-díol“ virðist ekki lengur stand-
ast allar þær kröfur sem gerðar eru til efna á skrá yfir aukefni
sem leyfð eru innan bandalagsins sem aukefni í kattafóður.

Því er rétt að banna notkun þessa efnis í kattafóður.

Ráðstafanir þær sem kveðið er á um í tilskipun þessari eru
í samræmi við álit fastanefndar um fódur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

I. viðauki við tilskipun 70/524/EBE breytist hér með eins
og mælt er fyrir um í viðaukanum hér á eftir.

VIÐAUKI

Orðið „Kettir“ í dálkinum „Dýrategundir“ og talan 75 000 í dálkinum „Hámarks magn“ og allar aðrar
tilvísanir í kattafóður undir E 490 „Própan-1,2-díol“ í G-hluta „Rotvarnarefni“ falli niður.

2. gr.

Aðildarríkin samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrir-
mæli til að fara að ákvæðum 1. gr. eigi síðar en 30. nóvember
1991. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar
í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal í þeim vera
tilvísun í þessa tilskipun eða þeim skal fylgja slík tilvísun
þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja
nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. júní 1991.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 124, 18. 5. 1991, bls. 43.